



15.08.2022

Dómsmálaráðuneyti  
Sölvhólgötu 7  
101 Reykjavík

**Efni:** Umsögn SSA um drög að frumvarpi til laga um sýslumann, mál nr. 122/2022

Í samráðsgátt stjórnvalda birtist þann 13. júlí sl. drög að frumvarpi til laga um sýslumann. Upphaflega var málið með umsagnarfrést til 31. júlí sem síðar var framlengdur til 15. ágúst. Er um umfangsmiklar breytingar að ræða þar sem þessum drögum að lögum er ætlað að leysa af hólmi eldri lög um framkvæmdavald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

Til fjölda ára hefur SSA bent á að ekki tókst nægjanlega vel til við innleiðingu þeirra laga sem nú á að fella úr gildi nr. 50/2014 miðað við þau markmið sem lagt var af stað með. Árið 2014 átti að efla embættin og gera þau að miðstöð stjórnsýslu ríkisins í héraði. Þá átti breytingin einnig að leiða af sér hagkvæmni í rekstri. Ljóst er af þeim úttektum sem gerðar hafa verið að rangt var gefið í upphafi og hafa sum embættin m.a. embættið á Austurlandi búið við átta ára vanda af þessum sökum sem hefur haft veruleg áhrif starfsemi og mönnun embættisins í landshlutanum. Í umsögnum um lögin frá 2014 komu fram sömu áhyggjuefni og eru núna gagnvart því frumvarpi sem nú er kynnt þ.e. að varasamt væri að færa opinbert vald fjær þegnum landsins en einnig var bent á að í frumvarpinu fælust tækifæri til að bæta samstarf stofnana og stjórnsýsla yrði einfaldari. Því miður má segja að vegna skorts á undirbúningi breytinganna 2014 bæði er varðar fjárhagslegan aðbúnað starfseminnar sem og óraunhæfra væntinga á þeim tíma um aukin verkefni þá hafi umrædd markmið ekki náðst. Það tókst ekki betur til en svo að nú virðumst við standa á sama stað.

Sýslumannsembættin eru mikilvægar þekkingarstofnanir í landshlutunum sem fjalla iðulega um viðkvæm persónuleg málefni borgarana, oft á þeirra erfiðustu stundum.

*„Helstu kjarnaverkefni sýslumanna eru meðferð fjölskyldumála, lögræðismála og dánarbúa, framkvæmd þinglýsinga, nauðungarsölu og fullnustugerðir, auk útgáfu ýmissa leyfa, skírteina og staðfestinga. Þá fara öll embættin með umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins og utan höfuðborgarsvæðisins fara sýslumenn að auki með innheimtu opinberra gjalda, umboð fyrir Sjúkratryggingar Íslands og ýmis önnur verkefni í umboði annarra ríkisstofnana, svo sem útlendingastofnunar og samgöngustofu. Eðli verkefnanna er mismunandi og krefjast sum þeirra nánna samskipta við borgarana, þ.e. „afgreiðslu yfir borðið“ og eru ástæðurnar ýmsar. Dæmi um slík verkefni eru fjölskyldumál, vegabréfsumsóknir og sáttameðferð. Þá gegna embættin jafnframt veigamiklu hlutverki við veitingu leiðbeininga til borgarana, verandi miðlæggar stjórnsýslustofnanir í héruðum landsins.“<sup>1</sup>*

<sup>1</sup> [Sýslumenn Framtíðarsýn, umbætur á þjónustu og rekstri.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

Það er mikilvægt að nú sé lært af reynslunni og undirbúningur breytinga sé vandaður með skýrum markmiðum. Fyrirheit um sterkari einingar í landshlutunum með fleiri verkefni lofa góðu en þarf að kynna betur fyrir hagaðilum sem og með hvaða hætti menn ætla að tryggja innleiðingu þeirra breytinga sem boðaðar eru. Þá er mikilægt að fjárhagslegur aðbúnaður breytinganna sé tryggður svo að þær verði raunverulega breytingar til batnaðar.

Stjórn SSA lýsir vilja til frekara samtals við ráðuneytið um málið.

Fh. SSA



Einar Már Sigurðarson  
Formaður



Jóna Árný Þórðardóttir  
Framkvæmdastjóri